

207. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGINN 15. OKTÓBER 2013

haldinn á Eiðum, kl. 10

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning
2. Fjármál
 - a) Fjárhagsáætlun 2014 – fyrri umræða
3. Ársreikningur Skálholts 2012
4. Erindi frá Innanríkisráðuneytinu vegna skipunar starfshóps um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju.
5. Önnur mál
 - a) Sameining sókna

1. FUNDARSETNING

Fundurinn hófst kl. 10. Mætt voru biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, kirkjuráðsmennirnir Ásbjörn Jónsson, séra Gísli Gunnarsson, séra Gunnlaugur Stefánsson og Katrín Ásgrímsdóttir.

Fundinn sátu jafnframt Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð. Fundurinn hófst á ritningarlestri og bæn.

2. FJÁRMÁL

a) *Fjárhagsáætlun 2014 – fyrri umræða.*

Fjármálastjóri kynnti nýtt fyrirkomulag við gerð fjárhagsáætlunar, sem felur í sér einföldun á framsetningu fjármála kirkjunnar. Á síðasta fundi kynnti Magnhildur Sigurbjörnsdóttir umsóknir í Jöfnunarsjóð sókna.

Fjárhagsáætlanir 2014 svo og umsóknir í Kirkjumálasjóð og Jöfnunarsjóð voru ræddar, en umsóknarfrestur rann út 15. júní sl. Fjárhagsstaða kirkjunnar er og verður þröng á næsta ári og er því enn þörf á hagræðingu í rekstri og þjónustu kirkjunnar.

Sem lið í þeim aðgerðum samþykkti kirkjuráð að prestsembættin í Grafarvogi og Háteigskirkju, sem bíða auglýsingar, verði ekki auglýst á næsta ári. Til að mæta þjónustuþörfinni í söfnuðunum ræddi kirkjuráð þá hugmynd að embætti sérþjónustuprests fatlaðra og embætti sérþjónustuprests heyrnarlausra verði færð tímabundið í umrædda söfnuði.

Biskup mun útfæra hugmyndina í samstarfi við sérþjónustuprestana og söfnuðina, með það að markmiði að mæta þjónustuþörfinni.

Kirkjuráð ræddi frekari hagræðingartillögur og lauk fyrri umræðu um fjárhagsáætlun kirkjunnar vegna ársins 2014. Fjármálastjóra falið að taka saman yfirlit um aðgerðir til hagræðingar sem kirkjuráð hefur samþykkt og lagt verður fram á kirkjuþingi.

3. ÁRSREIKNINGUR SKÁLHOLTS 2012

Ársreikningur Skálholts 2012 lagður fram til kynningar og samþykktar.

Kirkjuráð samþykkti ársreikninginn og var hann undirritaður.

4. ERINDI FRÁ INNANRÍKISRÁÐUNEYTIMU VEGNA SKIPUNAR STARFSHÓPS UM FJÁRHAGSLEG SAMSKIPTI RÍKIS OG KIRKJU

Erindi frá Innanríkisráðherra vegna skipunar starfshóps um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkjur, lagt fram til kynningar. Innanríkisráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp sem fær það verkefni að leggja drög að heildarendurskoðun á fyrirkomulagi á fjárhagslegum samskiptum ríkisins og þjóðkirkjunnar, safnaða hennar og annarra trúar- og lífsskoðunarfélaga.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og fjármálastjóra að funda með fulltrúum Innanríkisráðuneytisins, áður en erindið verður afgreitt í kirkjuráði.

5. ÖNNUR MÁL

a) *Sameining sókna.*

Kirkjuþing 2011 ályktaði: „Kirkjuþing 2011 hvetur sóknarnefndir til að kynna sér kosti sameiningar sókna innan prestakalla og hefja undirbúning að sameiningu þar sem hentugt þykir og sátt næst um. Kirkjuþing beinir því til kirkjuráðs að fylgja málinu eftir með kynningu og ráðgjöf til sóknarnefnda.“

Kirkjuráð samþykkti að vinna í frekari mæli að sameiningu sókna, í samræmi við ofangreinda ályktun kirkjuþings.

Þorvaldur Víðisson
Biskupsritari

Agnes M. Sigurðardóttir
Biskup Íslands